

1. Fundur með fulltrúum Gróttu. Kristbjörg segir frá fundi sínum með fulltrúum Gróttu ásamt Sigríði og Sigurði. **Áhugi er hjá Gróttu fyrir samstarfi og eflingu hreyfingar fyrir fleiri aldurshópa.** Fram koma að húsnæði Gróttu er illa nýtt fyrri hluta dags og hefur félagið áhuga á að breyta því og fá eldri borgara á vettvang. **Stjórnin lýsir yfir ánægju með þetta og styður eindregið hugmyndina um að senda fulltrúa aðila á fund bæjarstjóra og kynna málið. Hér er dæmi um aukna virkni og samstarf sem augljóslega á að hafa forgang.**

2. **Bjartur lífsstíll.** Kristbjörg segir frá umræðum um eflingu samstarfs innan verkefnisins Bjartur lífsstíll sem eldri borgarar, íþróttahreyfing og yfirvöld standa að. Hugmyndir eru um þróun og tengsl við heilsugæsluna. **Hugmyndir eru uppi um tvö ný prógrömm um hreyfingu í umsjá fagaðila.** Kynningarfundur verður um 20. maí á dagskrá. Fagaðilar sjá um þjálfun og æfingar. **Stjórnin fagnar þessari þróun og samþykkir að kynna bæjaryfirvöldum þróun mála til að ræða stuðning og fyrirkomulag.**

3. Húsnæðismál. Farið var yfir hræringar s.s. fyrirætlanir á Seltjarnarnesi og þróun hugmynda sem komið hafa fram um búsetukjarna. Spurt var er áhugi hér á bæ?

4. Forvarnarstefna. Sigríður og Kristbjörg ræddu störf nefndar um gerð forvarnastefnu bæjarins. Tilgreindir voru áherslupættir og svið í þá vinnu. Starfið gengur hægt.

5. Önnur mál. Rætt var um öflugt starf eldri borgara í Garðabæ og Kópavogi og fyrirkomulag þess. Ljóst er að aðstaða skiptir miklu máli. **Hjá okkur er því brýnt að umræða fari fram um nýtingu endurnýjaðs félagsheimilis í starfi eldri borgara.** Nú er rétti tíminn að mati stjórnar.

Fundi slitið um kl. 18.00 SB. Skráði. ATH. GERIÐ
ATHUGASEMDIR ÓHIKAÐ. st.